

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2007.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af stofnunni og samþykktum viðhaldsstöðvum sé skylt frá og með 15. maí 2007 að líta á skýringarefni við reglugerðir ESB nr. 1702/2003 og 2042/2003 (Acceptable Means of Compliance and Guidance Material) sem gefið er út af Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) sem viðurkenndar leiðir til fylgni við ofangreindar reglugerðir.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. apríl 2007.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2007